


OFBELDI GEGN FÖTLUÐUM KONUM



Um rannsóknina

Rannsóknasetur í fötlunar-fræðum við Háskóla Íslands gerði rannsókn til að kanna ofbeldi gegn fötluðum konum og hvort konur sem verða fyrir ofbeldi fái góða hjálp. Rannsóknin var gerð í samstarfi við aðra rannsakendur og háskóla í Austurríki, Þýskalandi og Bretlandi. Til þess að gera rannsóknina fékk Rannsóknasetrið styrk úr Daphne III áætlun Framkvæmda-stjórnar Evrópu-sambandsins.

Í rannsókninni var talað við fatlaðar konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi og við ráðgjafa sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir ofbeldi.

Rannsóknin sýndi að

- Margar fatlaðar konur sem tóku þátt í rannsókninni höfðu upplifað ofbeldi.
- Þeim var oft ekki trúnað þegar þær sögðu frá.
- Þær fengu sjaldan hjálp til að líða betur eða til að kæra ofbeldið til lögreglu.

„Það er alls ekki mikið trúnað á fatlað fólk. Það er mjög mikið litið á fatlað fólk bara eins og börn“
(Þetta sagði fötluð kona sem tók þátt í rannsókninni)

- Margar konur höfðu upplifað fordóma.
- Sumar höfðu verið þvingaðar til að gera eitthvað sem þær vildu ekki gera.
- Stundum hafði ekki verið hlustað á þær.

„Ég held til dæmis að ofbeldi felist í því að fatlaðar konur eru oft þvingaðar til þess að gera hluti sem þær ekki endilega vilja gera. Af því að það er alltaf verið að hafa vit fyrir þeim.“
(Þetta sagði fötluð kona sem tók þátt í rannsókninni)

Ofbeldi gegn fötluðum konum er margs-konar

Ofbeldi er það þegar einhver gerir eitthvað
sem meiðir þig eða lætur þér líða illa.

Hér eru nokkur dæmi um ofbeldi:



Kynferðis-legt ofbeldi

er það þegar einhver
káfar á þér eða þvingar
þig til að gera eitthvað
kynferðislegt sem þú
vilt ekki gera.



Líkamlegt ofbeldi

er það þegar einhver
meiðir þig, til dæmis
klípur, sparkar, hrindir
eða lemur þig.



Fjárhags-legt ofbeldi

er til dæmis það þegar einhver svíkur af þér peninga eða tekur peningana þína af þér eða neitar að láta þig fá peningana þína.



Andlegt ofbeldi

er þegar einhver hótar þér, gerir lítið úr þér eða lætur þér líða illa.

Ofbeldi gegn fötluðum konum

Fatlaðar konur eru miklu oftar beittar ofbeldi en fatlaðir karlar. Þær verða líka oftar fyrir ofbeldi en ófatlaðar konur.



Enginn á
að verða
fyrir ofbeldi!



Ofbeldi er glæpur
Þegar konur verða
fyrir ofbeldi líður þeim
oft illa og finna fyrir
skömm.



Ef þú hefur orðið fyrir ofbeldi er gott að segja einhverjum frá. Til að líða betur er gott að tala við einhvern sem þú treystir um það hvernig þér líður.

**Stundum er maður ekki viss hvort
maður hafi orðið fyrir ofbeldi.**

**Þótt þú sért ekki viss getur
þú samt fengið hjálp.**

Hver getur hjálpað mér?



Sími hjá
lögreglu er
112

Lögreglan hjálpar fólki
sem verður fyrir ofbeldi.

Pú getur talað við lögregluna
ef einhver hefur ráðist á þig,
meitt þig eða gert eitthvað
við þig sem þú vildir ekki.

Hægt er að **hringja eða senda
sms í 112** eða fara á næstu
lögreglustöð.



NEYÐARMÓTTAKA

**Sími hjá
spítalanum er
543 1000**

**neydarmottaka@
landspitali.is**

**Neyðar-móttaka vegna kynferðis-
ofbeldis** er á bráða-móttökunni á
Land-spítalanum í Fossvogi. Þar er
alltaf opið og það kostar ekkert að
fara þangað.

Ef þú hefur orðið fyrir kynferðis-
ofbeldi er mikilvægt að koma strax.

Á Neyðar-móttökunni vinna
hjúkrunar-fræðingar, sál-fræðingar
og lækningar sem geta hjálpað. Þar er
líka hægt að fá aðstoð lögmanns eða
réttar-gæslu-manns ef þú vilt kæra til
lögreglu. Þú getur fengið táknmáls-
túlkun ef þú þarft.

**Sími Land-spítalans er 543 1000.
Það er líka hægt að senda tölvu-póst
á neydarmottaka@landspitali.is**



**Sími hjá
velferðar-
ráðuneytinu
er 545-8100**

Réttinda-gæslu-maður hjálpar fötluðu fólk að ná fram rétti sínum. Þú getur haft samband við réttinda-gæslu-mann ef þér finnst að einhver hafi brotið á rétti þínum eða beitt þig ofbeldi.

Réttinda-gæslu-maður getur verið hjá þér og stutt þig þegar þú talar við lögreglu. Hann getur líka fengið aðstoð fyrir þig ef þú átt erfitt með að tala.

Ef þú vilt tala við réttinda-gæslu-mann er hægt að hringja í velferðar-ráðuneytið í síma **545-8100**.

Á þessari heima-síðu eru nöfn og síma-númer allra réttinda-gæslu-manna:

[http:// www.velferdarraduneyti.is/rettindagaesla/nr/33768](http://www.velferdarraduneyti.is/rettindagaesla/nr/33768)



**Sími Stígamóta
er 562 6868**

**Netspjall á
stigamot.is**

**Stígamót eru á
Laugavegi 170
á annarri hæð**

Stíga-mót hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og finna fyrir fyrir sektarkennd, skömm og kvíða.

Hjá Stígamótum er kona sem þekkir vel réttindi fatlaðs fólks. Það kostar ekkert að tala við hana. Í húsinu er lyfta þannig að hægt er að komast í hjólastól. Þú getur fengið táknmálstúlkun ef þú þarft.

Það skiptir ekki máli þótt ofbeldið hafi átt sér stað fyrir löngu síðan, það er alltaf hægt að koma til Stígamóta.

Þú getur pantað tíma hjá ráðgjafa í síma 562 6868 eða tala við hann í gegnum netspjall á heimasíðunni stigamot.is eða haft samband í gegnum Facebook-síðu Stígamóta.

Það er líka hægt að senda tölvupóst á stigamot@stigamot.is



Sími

**551 5511
eða 860 3358**

**drekaslod@
drekaslod.is**

Dreka-slóð hjálpar fólki sem orðið hefur fyrir ofbeldi.

Fyrsta viðtalið er ókeypis en eftir það kostar viðtalið 2000 krónur.

Í húsi Dreka-slóða er lyfta þannig að hægt er að komast í hjólastól. Dreka-slóð borga ekki fyrir táknmálstúlkun.

Dreka-slóð er í Borgar-túni 3 og síminn er 551 5511 eða 860 3358.

Þú getur líka skoðað heima-síðuna drekaslod.is og facebook síðu Dreka-slóða. Þú getur líka sent tölvu-póst á drekaslod@drekaslod.is



Sími

**461 5959
eða 857 5959**

**aflidakureyri@
gmail.com**

Aflið er á Akureyri. Aflið eru samtök sem hjálpa fólki sem hefur orðið fyrir kynferðis-ofbeldi eða heimilis-ofbeldi.

Það kostar ekkert að tala við ráðgjafa. Það er ekki lyfta í húsinu þannig að ef þú notar hjóla-stól kemst þú kannski ekki inn. Þá getur þú haft hringt í ráðgjafa og hitt hann á stað sem þú getur komst á í hjóla-stólnum.

Aflið borgar ekki fyrir táknmáls-túlkun.

Aflið er á Brekku-götu 34 á Akureyri. Síminn er 461 5959 eða 857 5959.

Þú getur líka skoðað heima-síðuna aflidak.is eða facebook síðu Aflsins. Þú getur líka sent tölvu-póst á aflidakureyri@gmail.com.



Sími

561 1205

**kvennaathvarf@
kvennaathvarf.is**

Kvenna-athvarfið er hús sem konur geta búið í í stuttan tíma ef þær geta ekki búið heima hjá sér út af ofbeldi.

Ef þú hefur orðið fyrir ofbeldi getur þú talað við ráðgjafa í Kvanna-athvarfinu. Það kostar ekkert að tala við ráðgjafa.

Þú getur fengið tákniáskilun ef þú þarft.

Í kvanna-athvarfinu er ekki lyfta þannig að ef þú notar hjólastól getur verið erfitt að komast inn.

Þú getur alltaf hringt í kvanna-athvarfið í síma 561 1205.

Þú getur líka sent tölvu-póst á kvennaathvarf@kvennaathvarf.is



Sjálf-styrking fatlaðra kvenna:

Tabú eru samtök fatlaðra kvenna. Tabú vill styrkja stöðu fatlaðra kvenna með því að segja frá reynslu þeirra og öðru sem oft er ekki talað um.

Tabú vill að fatlað fólk öðlist meira vald yfir eigin líkama og lífi.

Þú getur skoðað heima-síðu Tabú:

<http://tabu2014.wordpress.com/>

Ljós-myndin er tekin af Árna Frey Haraldssyni í Druslugöngunni árið 2014 en þá gengu um 20 fatlaðar konur með skilti með skilaboðum sem þær vildu að allir sæju.

Niður-stöður úr rannsókninni og bæklinga má finna á heima-síðu Rannsóknaseturs í fötlunar-fræðum: <http://fotlunarfraedi.hi.is/>

Það er líka hægt að fá niður-stöður verkefnisins á ensku á heima-síðunni: <http://women-disabilities-violence.humanrights.at/publications>

Höfundar: Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Rannveig Traustadóttir

Sérstakar þakkir fá konurnar sem tóku þátt í rannsókninni og ráðgjafar-hópur rannsóknarinnar: Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Helga Baldvins- og Bjargardóttir, Jarþrúður Þórhallsdóttir, Þorbera Fjölнисdóttir og Þórunn Þórarinsdóttir.

Prentun: Háskólaprent

Hönnun: Snæfríð Þorsteins

Innihald bæklingisins er á ábyrgð Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands og endurspeglar ekki afstöðu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.



Samstarfsaðilar:

